

# 318. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGINN 22. OKTÓBER 2020 KL 9:00

haldinn í gegnum fjarfundabúnað, *Zoom*

---

## FUNDARGERÐ

---

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
  - a) Fjárhagsáætlun 2021
  - b) Syðra-Laugalandi
- 3) Önnur mál
  - a) Starf forstöðumanns Fjölskylduþjónustu kirkjunnar

---

## 1. FUNDARSETNING

---

Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands setti fund kl. 9:00.

Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir sr. Arna Grétarsdóttir, sr. Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri biskupsstofu, Sigurbjörg N. Hansen, fjármálastjóri biskupsstofu og sr. Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings sat fundinn undir lið 2a. Þá sátu fundinn undir sama lið eftirtaldir kirkjuþingsfulltrúar í fjárhagsnefnd kirkjuþings: sr. Gísli Jónasson, formaður fjárhagsnefndar, Einar Már Sigurðarson, sr. Gísli Gunnarsson, Hermann Ragnar Jónsson, sr. Hreinn Hákonarson og sr. Þuríður Árnadóttir Wium. Einnig tók þátt í fundinum Andri Þór Skúlason, ráðgjafi frá KPMG.

Gyða Marín Bjarnadóttir, mannauðsfulltrúi Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, kom inn á fundinn undir dagskrárlið 3a.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

---

## 2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

---

### *a) Fjárhagsáætlun 2021*

Rætt um fjárhagsáætlun fyrir árið 2021, sem fyrirhugað er að leggja fram á kirkjuþingi í nóvember. Fjármálastjóri biskupsstofu, ásamt skrifstofustjóra biskupsstofu og framkvæmdastjóra kirkjuráðs munu vinna áætlunina áfram, í samráði við forseta kirkjuþings og formann fjárhagsnefndar, upp í hendur kirkjuráðs, sem mun leggja hana fram á kirkjuþingi.

### *b) Syðra-Laugaland*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrirspurnir vegna jarðarinnar og stöðu mála. Rætt var sérstaklega um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar, sem tók gildi 1. október sl.

Kirkjuráð samþykkti að enda allar samningaviðræður vegna jarðarinnar. Komi til sölu jarðarinnar verður henni háttáð í samræmi við gildandi starfsreglur og ákvörðun kirkjuþings.

---

## 3. ÖNNUR MÁL

---

### *a) Starf forstöðumanns Fjölskylduþjónustu kirkjunnar*

Fulltrúi mannauðssviðs kynnti stöðu ráðningarmála vegna starfs forstöðumanns Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:15.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn fimmtudaginn 5. nóvember nk.

---

Agnes. M. Sigurðardóttir  
biskup Íslands

---

Þorvaldur Víðisson  
biskupsritari

---

Séra Arna Grétarsdóttir

---

Séra Axel Árnason Njarðvík

---

Stefán Magnússon

---

Svana Helen Björnsdóttir